



FUNDAGERÐ SKIPULAGS- OG BYGGINGARNEFNDAR

Miðvikudaginn 23. febrúar 2011, kl. 16⁰⁰, var fundur haldinn í skipulags- og byggingarnefnd Skagastrandar. Á fundinn voru mættir: Inga Rós Sævarsdóttir, Sverný H. Hallbjörnsdóttir, Magnús B. Jónsson, Björn Hallbjörnsson, Ari Jón Þórsson, Hafsteinn Pálsson, slökkviliðsstjóri og Bragi Þór Haraldsson, byggingarfulltrúi.

Formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Samantekt um frágang fasteigna á Skagaströnd

Fyrir fundinn var lagður listi yfir þær fasteignir sem eru á einhvern hátt ófrágengnar eða illa útlítandi vegna takmarkaðrar umhirðu eða viðhalds. Nefndin fór yfir þær athugasemdir sem gerðar hafa verið og samþykkti að beina því til sveitarstjórnar að gerðar verði kröfur um úrbætur með vísan til greinar 61.7 í byggingarreglugerð 441/1998.

2. Deiliskipulag Hólaness

a) Samningur við Landmótun.

Fyrir fundinum lá samningur við Landmótun um gerð deiliskipulags fyrir Hólanessvæðið. Heildarkostnaður við verkefnið er 750-900 þús. auk vsk. Áætlað er að deiliskipulagið verði auglýst í apríl-maí 2011. Samningurinn var til kynningar.

b) Yfirlitsuppráttur.

Fyrir fundinum lágu fyrstu drög að yfirlitsupprætti af deiliskipulagssvæðinu. Fundarmenn yfirlógu upprættina og ræddu það sem þar kemur fram. Nokkrar athugasemdir voru gerðar og formanni falið að fylgja þeim eftir við skipulagsráðgjafa.

3. Hólanesvegur 6; umsókn um lóð.

Fyrir fundinum lá umsókn frá Björk Sveinsdóttur sem sækir um lóð nr. 6 við Hólanesveg til að byggja á henni sambærilegt hús og kemur fram á meðfylgjandi upprættum. Byggingarnefnd samþykkti að úthluta Björk Sveinsdóttur lóðinni til að byggja á henni hús samkvæmt ákvæðum deiliskipulags. Gert er ráð fyrir að deiliskipulagsvinnu verði lokið í maí nk.

4. Jaðar, ósk um heimild til að fjarlægja bílskúr.

Fyrir fundinum lá erindi Hallbjörns Björnssonar fyrir hönd húseigenda Jaðars um heimild til að fjarlægja bílskúr norðan við húsið á þeim forsendum að fyrirhugað er að byggja nýjan skúr í framtíðinni.

Björn Hallbjörnsson lýsti vanhæfi sínu til að afgreiða málið. Erindið var samþykkt.

5. Iðavellir, umsókn um breytta notkun húss.

Fyrir fundinum lá erindi Birnu Sveinsdóttur sem sækir um heimild til breyttrar skráningar fasteignarinnar Iðavellir (213-9151) þannig að eignin verði skráð sem íbúðarhúsnæði í stað atvinnuhúsnæðis. Fram kemur að ekki hafi verið starfsemi í húsinu síðan 31.07.2010. Erindið var samþykkt að uppfylltum skilyrðum byggingarreglugerðar.

6. Straumnes; umsókn vegna dyraskýlis.

Fyrir fundinum lá erindi Finns Sturlusonar sem fyrir hönd Ingu Þorvaldsdóttur sækir um leyfi til að byggja dyraskýli að austanverðu, við aðaldyr hússins. Meðfylgjandi erindinu var greinargóð lýsing á verkinu og upprættir sem sýna stærðir og útlitsbreytingu.

Erindið hafði verið afgreitt jákvætt af byggingarfulltrúa og var staðfest af byggingarnefnd



7. Staðfesting lóðamarka.

Fyrir fundinum lágu uppdrættir af eftirfarandi lóðum til staðfestingar lóðamarka:

- a) Oddagötu 4 og 4a
Lóðamörk voru staðfest

- b) Karlsskála
Lóðamörk voru staðfest

- c) Lækjar
Lóðamörk voru staðfest

- d) Hafnarlóðar 3
Afgreiðslu frestað

- e) Hafnarlóðar 5
Afgreiðslu frestað

- f) Bankastrætis 8-10
Lóðamörk staðfest

- g) Fellsbrautar 7
Lóðamörk staðfest

8. Önnur mál.

Ekki voru tekin fyrir mál undir þessum lið.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl 18⁴⁰

Inga Rós Sævarsdóttir,

Magnús B. Jónsson,

Ari Jón Þórsson,

Bragi Þór Haraldsson,

Svenný H. Hallbjörnsdóttir,

Björn Hallbjörnsson,

Hafsteinn Pálsson,